

# Fundargerð

109. aðalfundur Heimilisiðnaðarfélags Íslands  
haldinn þann 2. maí 2022 kl. 19.30 í Nethyl 2e, Reykjavík.

Dagskrá fundarins var samkvæmt lögum félagsins.

- 1. Setning aðalfundar**
- 2. Kosning fundarstjóra**  
Formaður tilnefndi Álfheiði Árnadóttur fundarstjóra og var það samþykkt.
- 3. Fundarstjóri skipar fundarritara**  
Fundarstjóri tilnefndi Birnu Guðmundsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt.
- 4. Fundarstjóri gefur yfirlýsingu um lögmæti fundar.**
- 5. Skýrsla stjórnar og starfsnefnda.**

## Skýrsla stjórnar

Skýrsla stjórnar starfsárið 2021-2022

Í stjórn sátu: Kristín Vala Breiðfjörð formaður, Anna Sigríður Kristjánsdóttir varaformaður, Ólöf Engilbertsdóttir gjaldkeri, Ívar Ólafsson ritari, Guðný Ingibjörg Einarsdóttir meðstjórnandi, Solveig Jónsdóttir varamaður og Rán Sturlaugsdóttir varamaður.

Á tímabilinu voru haldnir 10 stjórnarfundir.

Lífið hefur smátt og smátt verið að færast aftur í eðlilegar skorður eftir krefjandi tímabil. Lengst framan af haustinu 2021 bjuggum við við nokkurt frelsi en enn mátti þó greina áhrifa Covid-19 á námskeiðahald hjá Heimilisiðnaðarfélagi Íslands. Það var greinilegt að fólk hélt að sér höndum og var ekki alveg tilbúið til þess að vera innan um fjölmenni. Í stað þess að fella niður námskeið sem ekki tókst að fullbóka, var tekin sú ákvörðun að setja námskeið af stað með færri nemendum en áður. Tilgangurinn var að geta haldið uppi þjónustu fyrir félagsmenn sem sækja hjá okkur námskeið, og spara bæði vinnu og tilkostnað sem hlýst af því að þurfa að fella niður námskeið. Námskeiðin skiluðu því ekki miklum tekjum fyrir félagið en við gátum þó boðið upp á þau, nemendum til mikillar gleði.

Eftir áramót var dagskráin endurskipulögð með tilliti til samkomutakmarkana og þess rýmis sem félagið hefur upp á að bjóða, en okkar tilfinning var sú að ekki væri hægt að bjóða upp á fjölmenn námskeið inni á bókasafni eins og áður, þar sem að rýmið býður ekki upp á mikla loftræstingu, og að ekki væri hægt að hafa fleiri en eitt námskeið á kvöldi, þar sem ekki þótti æskilegt að hafa of mikla hópablöndun.

Þessar breytingar komu vel út. Nemendur voru ánægðir með fyrirkomulagið og þessi sveigjanleiki gerði okkur kleift að færa námskeið ef þess gerðist þörf, og þörfin var vissulega til staðar þegar lægðirnar fóru að ganga yfir landið hver á fætur annarri og flensan fór á flug.

Þó svo að námskeiðin hafi farið hægt af stað í haust þá finnum við fyrir auknum áhuga fólks á handverksnámskeiðum, ekki síst á landsbyggðinni. Við höfum verið að leita leiða til þess að færa

landsbyggðinni fleiri námskeið en út um allt land má finna fjöldann allan af áhugasömum einstaklingum sem vilja læra meira handverk.

En það er eitt af því sem að Covid hefur kennt okkur, og það er að fjarlægðirnar eru ekki eins miklar og við höldum. Með hjálp internetsins og fjarfunda hefur okkur tekist að færa okkur nær hvort öðru, þrátt fyrir langar vegalengdir. Þessi samskiptabylting sést best á norræna samstarfinu. Á síðasta aðalfundi Heimilisiðnaðarfélags Íslands var Norræna nefndin lögð niður. Ekki þótti ástæða til þess að skipa í nefnd sem hefði ef til vill engum verkefnum að sinna, en Norrænt samstarf hefur að mestu snúist um Norræna Heimilisiðnaðarþingið og einstaka samstarfsverkefni, auk Nordic Craft Week. Frá því haustið 2021 hefur orðið mikil aukning á samskiptum milli norrænu heimilisiðnaðarfélaganna og kannski má einmitt þakka Covid fyrir það. Við höfum lært að nýta okkur tæknina, og því hafa norrænu heimilisiðnaðarfélögin verið að funda jafnvel tvisvar til þrisvar í mánuði. Stóra verkefnið í ár er án efa *1 Fermetri af Hör* sem Svíar byrjuðu á árið 2020 og er nú orðið að samnorrænu verkefni. 50 manns hafa nú þegar skráð sig til þátttöku hér á landi, og eru þátttakendur dreifðir um landið; á Vestfjörðum, Norðurlandi Vestra, Norðurlandi Eystra, Austfjörðum, Suðurlandi og á Höfuðborgarsvæðinu. Það verður gaman að fylgjast með því hvernig til tekst við mismunandi aðstæður í misgóðu sumarveðri! Annað stórverkefni sem norrænu heimilisiðnaðarfélögin standa að eru ungmennabúðirnar Young Craft sem eru nú loksins aftur á dagskrá eftir að hafa verið frestað tvisvar vegna faraldurssins. Það gleður mig að segja ykkur frá því að Íslandi var úthlutað tveimur auka sætum á ungmennabúðirnar vegna þess hve margar umsóknir bárust frá Íslandi. Það gleður mig sérstaklega, að íslenskir þátttakendur á Young Craft eru allir utan af landi. Hópurinn samanstendur af tíu stúlkum sem stunda nám við listnáms- og hönnunarbraut VMA og tveimur stúlkum sem stunda nám við FSU fjölbrautaskóla Suðurlands. Fararstjóri í ferðinni er Ingveldur Sigurðardóttir, skólasálfræðingur sem starfar við skóladeild Akureyrarbæjar.

Það er einmitt unga fólkið sem við þurfum að hlúa að núna, eftir samkomutakmarkanir síðustu tveggja ára. Við þurfum að virkja ungt fólk í félagsstörf, í tómstundir, í handverk. Því rannsóknir hafa hvað eftir annað sýnt fram á það að handverk hefur góð áhrif á lýðheilsu, og sjaldan hefur verið eins mikilvægt og nú að huga að andlegri líðan fólks. Þar getur handverk spilað veigamikið hlutverk.

Ef til vill stærsta verkefnið sem Heimilisiðnaðarfélag Íslands stendur frammi fyrir núna, eru samningar milli félagsins og Menningarmálaráðuneytissins. (Eins og þið vitið öll þá var) Mennta- og menningarmálaráðuneytinu skipt upp og breytt í ráðneyti menningar-ferðamála- og viðskipta. Lilja D. Alfreðsdóttir er sem fyrr ráðherra yfir okkar málaflokki og heimsótti hún félagið fyrr í vetur. Félaginu var lofað auknu fjármagni sem hefur ekki skilað sér þrátt fyrir miklar umleitanir. Heimilisiðnaðarfélag Íslands þarf aukið fjármagn til að standa straum að brýnum verkefnum á sviði útgáfumála, viðburða og miðlun upplýsinga. Með styrk frá Vinnumálastofnun gat félagið verið með þrjá starfsmenn á launum stóran hluta síðasta árs. Í dag eru aðeins tveir starfsmenn sem bera hitan og þungann af daglegri starfsemi félagsins, sem verður sífellt umfangsmeiri. Ef við viljum gera betur (og gera meira), þurfum við að geta bætt við öðrum starfsmanni. Við viljum sjá meiri útgáfu á efni tengdu þjóðbúningum og öðru handverki og við viljum auka sýnileika íslensks handverks.

Til allrar hamingju þá eigum við velgjörðarmenn víða. Ég vil nota tækifærið og þakka Arion banka sérstaklega fyrir örlátan styrk sem bankinn veitti félaginu, svo hægt væri að binda inn og gefa út síðustu hundrað eintökin sem til eru af Sjónabókinni. Við verðum að tryggja að þessi hundrað eintök verði ekki þau allra síðustu. Ég vil líka þakka Védísi Jónsdóttur og Ístex fyrir samstarfið sem mun bera

ávöxt nú í ágúst á Nordic Craft Week. Þema ársins er *þrjónaðar peysur* og lá því beinast við að tala við Ístex um samstarf.

Mest af öllu viljum við í stjórninni þakka nefndarfólki og öðrum sjálfbóðaliðum sem gera Heimilisiðnaðarfélag Íslands að því félagi sem það er. Ykkar framlag verður ekki metið til fjár.

## **Skýrsla fastanefnda;**

### **Skýrsla Funda- og fræðslunefndar 2021-2022, Auður Theodórsdóttir flutti.**

Skýrsla Funda og fræðslunefndar 2021-2022

Funda og fræðslunefnd hefur undanfarið ár verið skipuð þeim Önnu Jónu Kristjánsdóttur, Sigurlaugu Helgu Jónsdóttur, Auði Theodórsdóttur, Önnu Jórinni Stefánsdóttur og Önnu Sigríði Hróðmarsdóttur.

Hittumst við fyrst í júní svona rétt til að heilsast og sjá framan í hvora aðra. Síðan í lok ágúst hófst vetrarstarfið með því að skipuleggja haustferð sem farin var þann 9. Október í tilefni af ullarviku á suðurlandi. Þáttaka í ferðinni fór fram úr björtustu vonum en við vorum 60 konur sem lögðum upp frá Nethylnum kl 9.30 og keyrðum sem leið lá austur á Selfoss þar sem við skoðuðum nýja miðbæinn mjög lauslega þar sem tíminn var knappur því við áttum bókað hjá Guðrúnu í Hespuhúsinu kl. 11. Eftir skemmtilega heimsókn í Hespuhúsið lá leiðin á handverkssýningu og markað í Nýju Þingborg á vegum Ullarviku. Að þeirri heimsókn lokinni ókum við il Þorlákshafnar þar sem var vel tekið á móti okkur í veitingahúsinu Hendur í höfn, en þar fengum við súpu og brauð og kaffi með dýrindis heimagerðu sælgæti á eftir. Munum við hafa verið með seinustu gestum þessa ágæta veitingahúss, en í vikunni á eftir tilkynnti það um lokun til frambúðar því miður.

Frá Þorlákshöfn lá síðan leiðin í Strandakirkju þar sem tók á móti okkur kona, fyrrum kirkjuvörður sem ræddi okkur um sögu Strandakirkju og muna í eigu þessarar einstöku kirkju. Einnig vorum við svo heppnar að með í ferðinni var Jenný Karlsdóttir sem gat upplýst okkur um margt í sambandi við altarisdúka í íslenskum kirkjum.

Heim var komið um klukkan 17.30 og voru þátttakendur að því er ég best veit almennt mjög ánægðir, þó sessunautur minn í rútunni gæfi það fyllilega í skyn við mig að við mættum vanda okkur betur með veðrið næst, en það sást lítið út úr rútunni að hennar mati á heimleiðinni vegna rigningar og slagviðris sem var nýskolið á. Reyndar lýsti nú fallega upp á milli.

Um miðjan nóvember komum við að fyrirlestri sem Ásdís Jóelsdóttir lektor við HÍ hélt um sjálfbærni í textíl í tilefni útgáfu samnefndrar bókar hennar sem kom út í haust.

Þann 6 apríl kom svo loksins Guðrún í Hespú til okkar með langþráðan fyrirlestur sem var búinn að vera lengi á döfinni en covid faraldurinn hefur tafið endalaust. Fyrirlesturinn sem bar heitið Litatímabil Íslandssögunnar og var afar vel sóttur og Guðrúnu vel tekið. Eigum við jafnvel vonandi von á henni aftur í haust með annann fyrirlestur.

Þessa dagana erum við svo að undirbúa hina árlegu vorferð sem hefur reyndar fallið niður í 2 ár vegna fyrrnefnds faraldurs en er áætluð í lok mánaðarins.

## **Skýrsla Safnanefndar 2021-2022, Sigrún Sigurgestsdóttir flutti munnlega skýrslu.**

Frá safnanefnd starfsárið 2021 – 2022.

Í nefndinni voru: Anna Málfríður Jónsdóttir, Ásgrímur Einarsson, Ívar Ólafsson, Snæfríður Jóhannsdóttir og Sigrún Sigurgestsdóttir.

Ýmislegt kom í veg fyrir að við hittumst öll á fundi. Hittum formann félagsins Kristínu Völu Breiðfjörð 14. október, fórum yfir helstu verkefni nefndarinnar og skoðuðum geymslur.

Snæfríður og Sigrún hittust eitt síðdegi í janúar, skoðuðu skjöl og myndir í skáp í fundarherbergi, sem dregin voru fram fyrir bókina um sögu félagsins.

Í framhaldi kannaði Sigrún hvar eldri skjöl félagsins eru varðveitt. Skjölin eru í Handritadeild Landsbókasafnsins. 66 kassar. Ræddi við Gunnar Marel, við getum fengið arkir og kassa hjá þeim og leiðbeiningar um frágang.

## **Skýrsla Skólanefndar 2021-2022, Auðna Ágústsdóttir flutti.**

Í skólanefndinni eru Auðna Ágústsdóttir, Auður Bergsteinsdóttir, Guðrún Kolbeins, Guðrún Ólafsdóttir og Jóhanna B. Magnúsdóttir

Nefndin hittist u.þ.b. mánaðarlega í vetur, á ýmsum stöðum. Auk þess var töluverð umræða á samskiptamiðlum. Vegna samkomutakmarkana mæddi mest á skrifstofunni að bóka, fresta og endurbóka námskeið.

Á verkefnaskrá nefndarinnar er að koma með tillögur að námskeiðum og nýjum kennurum. Fjölga þarf kennurum í þeim námsgreinum sem þegar eru til staðar. Kennarar þurfa að hafa menntun, reynslu og áhuga Markmiðið er bæði að dreifa álaginu á fleiri kennara í vinsælum námskeiðum og eiga möguleika á mismunandi nálgun við sama viðfangsefni. Einnig hefur verið umræða um að nokkur námskeið gætu notið þess að hafa aðstoðarkennara í upphafstíma.

Nefndin sett fram hugmyndir um fjarkennslu og fengið ábendingar um tæki og búnað sem til þarf. Unnið hefur verið í gerð staðlaðra námskeiðsgagna og er vonast til að hægt verið að aðstoða kennara næsta vetur. Gerðar hafa verið tilraunir með rafrænt námskeiðsmat og skoða þarf hvort og hvernig það skilar sér. Nefndin hefur komið að tiltekt í geymslu, tillögur að nýtingu efnis eða sölu þeirra

Fjölmargar hugmyndir fæddust að námskeiðum. Kristín Vala, formaður og Snæfríður hafa unnið úr hugmyndum okkar. Hugmyndir um nokkrur námskeið sem ekki hafa verið nýlega eða jafnvel ekki áður, t.d. nytjajurtir og endurnýtingu. Aðsóknin að skólanum var ágæt en samkomutakmarkanir settu strik í reikninginn. Búið var að fá vefnaðarkennara frá Noregi til að kenna í ágúst 2020 sem frestaði en af því námskeiði verður í haust 2022.

Skólanefndin hefur það markmið að halda áfram leggja áherslu á að fjölga þeim sem koma á námskeið, bjóða upp á námskeið sem kannski gætu laðað að nýja þátttakendur og vera í samstarfi við aðra sem standa að heimilisíðnaði og handverki.

## **Skýrsla Ritnefndar fyrir Hug og hönd 2021-2022, Bjargey Björgvinsdóttir flutti munnlega.**

### **Skýrsla Verslunarnefndar 2021-2022, Ólöf Engilbertsdóttir flutti.**

Í Verslunarnefnd eru Anna Stefanía Magnúsdóttir, Ásta Sigfúsdóttir, Edda Árnadóttir, María Sif Magnúsdóttir og ég Ólöf Engilbertsdóttir. Nefndin hefur ekki haldið reglulega fundi á starfsárinu en stærsta verkefni ársins var í október þegar við komum gamla búðarborðinu fyrir aftur eftir andlitslyftingu og endurskipulögðum aðeins í versluninni í kringum það. Verslunarnefnd stendur vaktina í búðinni á þrjónakaffi kvöldum sem því miður hafa verið fá í vetur. Nefndarkonur hafa líka verið til taks við vörutalningu um áramót.

### **Skýrsla Handverkskaffinefndar 2021-2022**

Það hefur verið rólegt hjá okkur í kaffinefndinni, eins og víða undanfarið ár. Í september var þrjónakaffi, þá kom Edda frá Garnbúð Eddu. Í október var kunning á Lopa 41, sem þær sáu um Rebekka Kristjánsdóttir og Védís Jónsdóttir. Komu þær með sýnishorn af öllu því sem er í blaðinu og vakti það mikla gleði hjá gestum kvöldsins. Í nóvember kom Helene Magnússon með nýútkomna bók sína, „sokkar frá Íslandi“ og kom hún með sokka og sýndi gestum kvöldsins. Gestir voru fáir þetta haustið. Covid tók svo yfir í desember og það var síðan í apríl að hægt var að halda þrjónakvöld. Þá kom Árný Hekla heklari, og sýndi hún það sem hún er að gera, en það eru helst hekludýr og dúkkur. Gestir þetta kvöldið voru um 30. Seinasta þrjónakaffið var með Grétu Sorensen en hún hefur gefið út tvær bækur og kynnti hún þær. Nýjasta bók hennar er Lopapeysubókin og sú eldri heitir Þrjónabíblían. Í september nk. verður kynning á skóla Heimilisiðnaðarfélagsins. Okkur í kaffinefndinni langar að það komi aftur sá tími, að fastagestir félagsins láti sjá sig, eins og var fyrir Covid. Gaman væri að fá ábendingar um hvað væri hægt að kynna á þessum þrjónakvöldum okkar. F.h. kaffinefndar, Jóhanna Freyja.

**Upstillinganefnd skilar ekki skýrslu þar sem hún sér um tilnefningar í nefndir.**

## **6. Gjaldkeri félagsins leggur fram endurskoðaða reikninga og skýrir þá.**

**Bókari félagsins gerði grein fyrir reikningum félagsins**

Eva Michelsen, bókari félagsins, gerði grein fyrir reikningum félagsins

Hagnaður var á rekstri félagsins árið 2021, eftir tap ársins 2020.  
Fram kom hjá bókara að „Karólínuverkefnið” gaf af sér um 14. millj. króna.

## **7. Umræður um skýrslur stjórnar og reikninga.**

Fundarstjóri lagði fram skýrslu stjórnar og var hún samþykkt.

Fundarstjóri lagði fram reikninga félagsins og voru þeir samþykktir.

## **8. Lagabreytingar**

Engar lagabreytingar.

## **9. Kosning til aðalstjórnar, varastjórnar og skoðunarmanna, skv. 10. gr.**

Listi uppstillingarnefndar - stjórn og nefndir félagsins fyrir starfsárið 2021 – 2022. Alltaf er verið að velja fólk í stjórn/nefndir til tveggja ára nema annað sé tekið fram.

Stjórn:

Formaður og framkvæmdastjóri: Kristín Vala Breiðfjörð

Varaformaður: Anna Sigríður Kristjánsdóttir

Meðstjórnandi: Guðný Ingibjörg Einarsdóttir

Meðstjórnandi: Ívar Ólafsson

Meðstjórnandi: Ólöf Engilbertsdóttir

Varamaður: Rán Sturlaugsdóttir

Varamaður: Solveig Jónsdóttir

SKÓLANEFND:

Auðna Ágústsdóttir

Auður Bergsteinsdóttir

Guðrún J. Kolbeins

Jóhanna Magnúsdóttir

Anna Stefanía Magnúsdóttir

FRÆÐSLU- OG FUNDANEFND:

Anna Jóna Kristjánsdóttir

Anna Jórunn Stefánsdóttir

Anna Sigríður Hróðmarsdóttir

Auður Theodórsdóttir

Sigurlaug Helga Jónsdóttir

VERSLUNARNEFND:

Auður Theodórsdóttir

Ásta Sigfúsdóttir

Bjarni Þór Kristjánsson  
Elizabeth Katrín Mason

**RITNEFND:**

Ástþrúður Sif Sveinsdóttir  
Bergþóra Jóhannsdóttir  
Bjargey Björgvinsdóttir  
Edda Hrönn Gunnarsdóttir  
Lára Magnea Jónsdóttir

**HANDVERKSKAFFINEFND:**

Álfheiður Árnadóttir  
Birna Guðmundsdóttir  
Guðfinna Skúladóttir  
Jóhanna Freyja Björnsdóttir  
Kolbrún Þorláksdóttir

**SAFNANEFND:**

Ásdís Sigurgestsdóttir  
Ásgrímur Einarsson  
Ívar Ólafsson  
Sigrún Sigurgestsdóttir  
Hugrún Ósk Þráinsdóttir

**UPPSTILLINGARNEFND:**

Ívar Ólafsson  
Oddný Kristjánsdóttir  
Solveig Theodórsdóttir

**SKOÐUNARMENN REIKNINGA:**

Aðalmaður: Lilja Guðmundsdóttir  
Aðalmaður: Anna Margrét Björnsdóttir  
Varam.: Hólmfríður Hilmarsdóttir  
Varam.: Solveig Theodórsdóttir

## **10. Ákvörðun um félagsgjöld næsta árs sbr. 3. gr.**

Formaður lagði til að félagsgjöld væru óbreytt.

## **11. Önnur mál**

Formaður, sagði frá því að Faldbúningur Indu Dan Benjamínsdóttur var gefinn af fjölskyldu hennar. Verður búningurinn í varðveislu félagsins, til sýnis og öðrum saumakonum til hvatningar við framleiðslu faldbúninga.

Formaður, sagi frá áttakinu „1 Fermetri af Hör“. Hún óskaði eftir sjálfboðaliðum til að vigta fræ til afhendingar þeim sem þátt taka í þessu átaki. Benti formaður á, að ef vel tekst til, verður hægt að spinna hör á næsta vetri.

Fundi slitið kl. 20.45

Birna Guðmundsdóttir ritaði fundargerð.